

Gönguferðir sjúkraliða um Andalusíu á Spáni sumarið 2017

Farnar verða tvær gönguferðir til Spánar á vegum Sjúkraliðafélags Íslands. Ferðaskipuleggjandi og farastjóri Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir sem veitir nánari upplýsingar í síma 694 4920 netfang: kadlinheida@gmail.com

Fyrri ferðin verður 28. maí til 4. júní og hefst skráning í dag 1. febrúar 2017 kl. 13.00.

Skráning og greiðsla fer fram í síma 553 -9494, eða á skrifstofu félagsins.

Ferðin kostar 155.000 krónur og greiða þarf staðfestingagjald fyrir 8. febrúar kr. 50.000.

Lokagreiðsla, í síðasta lagi 3. apríl 2017.

Innifalið í verði: Flug til og frá Malaga, gisting, morgunmatur, hádegisverður á göngudögum, nesti í gönguferðunum og akstur til og frá Malaga

Seinni ferðin verður 17. september til 24. september og verður hún kynnt nánar í orlofsblaði félagsins, en skráning í hana hefst ekki fyrr en blaðið er komið út.

Dagur 1.

Flogið frá Keflavík til Malaga 6.00 að morgni 28.maí.

Hér er linkur á hótelið: <http://www.hoteldoncurro.com/>

Dagur 2.

Frjáls dagur í Malaga

Dagur 3.

Fyrsti dagur. Ganga frá Malaga meðfram ströndinni Misericordia til Ricon De la Victoria

Ganga: 16 km.

Hér er linkur á hótelið: <http://hotelcalabahia.com/>

Dagur 4.

Gengið frá Ricon De la Victoria til Torre Del Mar. Gengið er í gegnum litla þorpið Benajarafe og svo stoppað við ána Velez og notið náttúrunnar.

Ganga: 18.km.

Hér er linkur á hótelið: <http://www.hotelmmainake.com/>

Dagur 5.

Gengið frá Torre Del Mar til Torrox, Gengið er í gegnum Port of Caleda sem er eitt helsta hafnarveiðisvæði í Andalusíu. Svo er gengið áleiðis til Torrox en bærinn er þekktur fyrir merkar fornleifaminjar.

Ganga: 18 km.

Hér er linkur á hótelið: <http://www.hoteles-santarosa.com/>

Dagur 6.

Gengið frá Torrox til Nerja. Förunautur okkar á þessari göngu eru hin stórkostlegu fjöll Almjara. Áður en komið er til Nerja er gengið meðfram standlengjunni El Playazo sem er tveggja km löng strönd. Við förum í gegnum gamla bæinn og endum á því að skoða hina frægu hella í Nerja.

Ganga: 10 km.

Hér er linkur á hótelið: <http://www.hostaldonpeque.com/>

Dagur 7.

Frjáls dagur í Nerja.

Dagur 8.

Flogið heim frá Malaga.